



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2022, MIÐVIKUDAG 19. OKTÓBER KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Umsóknir um leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

Umsækjendum er bent á að ef fjarvera er lengri en fimm dagar er ólíklegt að viðkomandi nái 97% skólasókn á önninni.

Skólaráð leggur áherslu á að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Fjórir nemendur hafa sagt sig frá námi. Tveir nemendur sóttu um að taka lokaáfangi á næstu önn án þess að uppfylla undarfarareglu og fengu höfnun. Útskriftaremandi fær undanþágu frá 1.5 einingum í íþróttum vegna sérstakra aðstæðna. Nemandi óskar eftir tilhliðrun í mætingum vegna tíðara ferða erlendis, því var hafnað.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

FG – Flensborgardagurinn er á morgun og allt klárt fyrir íþróttakeppnina í TM höllinni. Salsaballið í undirbúningi. 7. desember verður skólaping í FG þar sem allir í skólanum taka þátt í umræðu um hin ýmsu málefni í stofum skólans. Óskað er eftir tillögum frá nemendum um hvaða málefni þau vilja ræða sérstaklega. Útskriftarferðir eru alfarið á vegum nemenda.

3. Önnur mál

Atkvæðagreiðsla fór fram um hvort gefa á frí í fyrstu 40 mín. daginn eftir Salsaballið. Niðurstaðan varð sú að það verður frí og kennsla mun því hefjast kl. 8:50 þann dag. Skoða þarf ákveðna staði í skólanum með tilliti til netsambands, það virðist detta út á ákveðnum svæðum.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara
Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG
Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi
Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri
Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG
Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi